

Umhverfis- og samgöngunefnd
Marta Mirjam Kristinsdóttir
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 8. ágúst 2022

Efni: Svar við upplýsingabeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd

Með tölvupósti dagsettum 17. júlí 2022 óskar umhverfis- og samgöngunefnd eftir upplýsingum frá Úrvinnslusjóði um hvernig plastúrgangsmálum er háttað í dag, s.s. ráðstöfun hans og þá hvort fullnægjandi gögn liggja fyrir um slíkt.

Úrvinnslusjóður

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að draga skipulega úr myndun úrgangsefna og koma úrgangi í endurnotkun og endurnýtingu. Til þess að vinna að þessu markmiði hafa m.a. verið sett lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002 með síðari breytingum.

Úrvinnslusjóði er falið að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu. Með hagrænum hvötum hefur sjóðurinn leitast við að skapa skilvirkt fyrirkomulag fyrir endurnotkun endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi og leggja til grundvallar forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Úrvinnslusjóður innheimtir úrvinnslugjald af vöru áður en hún fer á markað. Gjaldið stendur undir kostnaði við endurnýtingu úrgangs sem verður eftir þegar líftíma vöru lýkur. Kostnaðurinn felst í meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutningi frá söfnunarstöð til móttökustöðvar, endurnýtingu eða förgun úrgangsins og greiðslu skilgjalds eftir því sem við á.

Fjölmargir vörflokkar falla undir sjóðinn og skiptast í spilliefni, umbúðir, raftæki og rafhlöður, hjólbarða, ökutæki og veiðarfæri. Verkefni sjóðsins eru mismunandi fyrir hina ýmsu vörflokka. Þau geta falist í að ná tilteknum markmiðum um söfnun og endurvinnslu. Þetta á við um umbúðir úr pappa og plasti, raftæki og rafhlöður og rafgeyma. Verkefni geta einnig falist í að tryggja innsöfnun og rétta ráðstöfun eins og í tilviki spilliefna og hjólbarða. Að lokum má nefna skilgjaldskerfi fyrir úrsérgengin ökutæki og samning um endurnýtingu veiðarfæra.

Fyrirkomulag Úrvinnslusjóðs felur í sér að þjónustuaðilar safna úrgangi frá söfnunarstöðvum, fyrirtækjum eða heimilum, meðhöndla hann og koma honum til ráðstöfunaraðila. Ráðstöfunaraðili getur verið, eftir atvikum, endurvinnslu/endurnýtingaraðili, flokkunarfyrirtæki, miðlari eða förgunaraðili. Úrvinnslusjóður eignast aldrei úrganginn sem er til meðhöndlunar hverju sinni.

Úrvinnslusjóður gerir samninga við þjónustuaðila en samþykkir ráðstöfunaraðila á grundvelli skilmála fyrir hvern vöruflokk. Þjónustuaðilar eru í samkeppni um að taka við úrgangi, þeir taka þátt í útboðum sveitarfélaga um að þjónusta söfnunarstöðvum og semja við fyrirtæki. Þegar þeir hafa meðhöndlað úrganginn og komið honum til ráðstöfunaraðila teljast þeir hafa lokið sínum verkþáttum og fá þá greitt frá Úrvinnslusjóði.

Þjónustuaðilar semja við ráðstöfunaraðila um greiðslur hvort sem greiða þarf með efninu eða það er selt ráðstöfunaraðila. Þeir eru einnig í viðskiptasambandi við úrgangshafa, hvort sem um er að ræða sveitarfélög, fyrirtæki eða heimili.

Til að jafna aðstöðu sveitarfélaga og fyrirtækja um allt land við söfnun á úrgangi og koma til ráðstöfunar greiðir Úrvinnslusjóður flutningsjöfnun. Flutningsjöfnunin er ákveðin greiðsla sem tekur mið af nauðsynlegri flutningsvegalengd til næsta staðar þar sem hægt er að meðhöndla úrganginn og koma honum til ráðstöfunar. Við endurskoðun á flutningsjöfnun í síðasta mánuði var flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast m.a. breytt með hliðsjón af innlendri endurvinnslu á plasti.

Það má segja að Úrvinnslusjóður auki verðgildi úrgangsins með þessum greiðslum og láti síðan markaðinn um að sjá um framkvæmdina.

Frá því að Úrvinnslusjóður tók til starfa hefur átt sér stað mikil þróun í úrgangsmálum á Íslandi og hefur sjóðurinn gert sér far um að laga framkvæmdina að þessari þróun eins og hægt er innan ramma laga um úrvinnslugjald.

Plastumbúðir

Einn af vöruflokkum Úrvinnslusjóðs eru umbúðir úr plasti, þ.m.t. heyrúlluplast. Plastumbúðum er safnað með svipuðum hætti og að framan greinir. Þjónustuaðili er með samninga við sveitarfélög og fyrirtæki og safnar og meðhöndlar plastumbúðir sem komið er til endurvinnslu. Plastumbúðir og heyrúlluplast eru ýmist endurunnar hér á landi hjá Pure North Recycling eða sendar út til endurvinnslu. Á tímabilinu 1.7.21 til 30.4.22 var um 2/3 af heyrúlluplasti endurunnin hér á landi.

Plastumbúðum má skipta í blandaðar plastumbúðir frá heimilum, glæra og litaða plastfilmu, stíft plast, frauðplast, stórsekki og heyrúlluplast.

Blandaðar plastumbúðir þarf að flokka áður en þær eru endurunnar. Hér á landi er ekki enn aðstaða til flokkunar á blönduðum plastumbúðum. Þær hafa farið til Swerec í Svíþjóð og PreZero í Þýskalandi, en þessi fyrirtæki flokka umbúðirnar og koma þeim til endurvinnslu. Úrvinnslusjóður hefur fengið upplýsingar frá þessum aðilum þar fram kemur hvert umbúðirnar eru sendar eftir flokkun, hvort sem þær eru sendar til endurvinnslu eða orkuvinnslu. Það skal áréttað að aðeins hluti af blönduðum plastumbúðum er endurvinnanlegur en hinn hluti plastins er notaður til orkunýtingar.

Nokkur umfjöllun hefur verið um blandaðar plastumbúðir sem Swerec sendi árið 2016 til fyrirtækis í Kalmar/Páryd í Svþjóð sem ætlaði að framleiða eldsneyti úr umbúðunum. Hluti af þessum umbúðum var frá íslenskum þjónustuaðilum. Ekkert varð af þessari vinnslu og dögudu plastumbúðirnar uppi án þess að unnið væri úr þeim. Í ársbyrjun fóru fulltrúar frá Úrvinnslusjóði, Terra og Íslenska gámafélaginu ásamt fulltrúa frá Swerec til að skoða aðstæður. Á staðnum hittu þeir fulltrúa frá sveitarfélaginu. Sjá meðfylgjandi skýrslu um heimsóknina. Í maí á þessu ári var leitað til sveitarfélagsins í Páryd til kanna stöðu mála. Sjá meðfylgjandi skýrslu um stöðuna. Allt plast sem var utanhúss er farið og sveitarfélagið ráðgerir að allt plast sem er í skemmum á svæðinu verði farið í viðeigandi vinnslu fyrir lok þessa árs.

Plastumbúðir aðrar en blandaðar plastumbúðir frá heimilum, sem kalla á flokkun í vélrænum flokkunarbúnaði, eru ýmist unnar hér á landi eða sendar út til endurvinnslu. Umbúðir sem fluttar eru erlendis fara að stærstum hluta til Peute til Hollandi sem miðlar þeim áfram til endurvinnslu. Peute er með sérstaka aðstöðu þar sem baggar af plastfilmu eru brotnir upp forflokkaðir og endurbaggaðir til að tryggja gæði efnisins áður en plastið er selt til endurvinnslu. Þess má geta að á ársfundi Úrvinnslusjóðs á síðasta ári var erindi um samninga sem skilakerfið ValiPac í Belgíu hefur gert við miðlara um úttektir á endurvinnsluaðilum og upplýsingar. Fram kom að einn af miðlurum sem fyrirtækið skiptir við er Peute í Hollandi. Úrvinnslusjóður hefur fengið rekjanleikaskýrslur frá Peute og upplýsingar um endurvinnsluaðila sem fyrirtækið skiptir við.

Heyrúlluplast sem sent er til endurvinnslu erlendis hefur aðeins farið beint til endurvinnsluaðila í Evrópu eða til Peute sem miðlar því áfram til endurvinnslu. Frá miðju síðasta ári hefur allt heyrúlluplast sem Peute tekur við verið unnið í Evrópu.

Á þessu ári samþykkti stjórn Úrvinnslusjóðs tímabundna hækkun á endurgjaldi fyrir endurvinnslu á frauðplasti sem hefur ekki verið sent til endurvinnslu til þessa. Sorpa vinnur að tilraunaverkefni þar sem frauðplasti er safnað sérstaklega á tiltekinni endurvinnslustöð og ýmist sent beint til frauðplastframleiðenda hér á landi eða pressað og flutt til endurvinnslu í Svíþjóð.

Við ákvörðun á endurgjaldi, til þjónustuaðila, fyrir ráðstöfun úrgangs hefur verið lögð áhersla á forgangsröðun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003. Greitt er hærra endurgjald fyrir þann hluta blandaðra plastumbúða frá heimilum sem fer til endurvinnslu heldur en þann hluta sem fer til orkuvinnslu. Í þessu felst hvati í að koma sem mestu af blönduðum plastumbúðum til endurvinnslu. Á sama hátt hefur verið greitt hærra endurgjald til þjónustuaðila fyrir endurvinnslu hjólbarða en nýtingu þeirra á urðunarstað eða orkuvinnslu. Í ársbyrjun 2022 tók stjórn Úrvinnslusjóðs ákvörðun um að hætta að greiða með nýtingu hjólbarða á urðunarstað.

Gögn um ráðstöfun plastumbúðaúrgangs

Úrvinnslusjóður greiðir þjónustuaðilum fyrir ráðstöfun plastumbúða gegn staðfestingum viðurkenndra ráðstöfunaraðila á móttöku úrgangsins. Auk þess þurfa gögn fyrir útflutning á úrgangi, Annex VII í þessu tilviki, að fylgja með reikningi þjónustuaðila. Úrvinnslusjóður viðurkennir ráðstöfunaraðila í samræmi við

skilmála fyrir þjónustu- og ráðstöfunaraðila. Þessir skilmálar eru til endurskoðunar m.a. vegna ákvæða í lögum nr. 103/2021. Við endurskoðunina er horft til að gerður verði samningur við ráðstöfunaraðila, hliðstætt framangreindum samningum ValiPac við miðlara, sem kveða á um upplýsingagjöf og úttektir og kröfur til endurvinnsluaðila ef plastúrgangi er miðlað áfram.

Með 38. gr. laga nr. 103/2021 sem breytir 15. gr. laga nr. 162/2002 skal Úrvinnslusjóður með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er til kominn vegna vara sem falla undir lög þessi með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi og leggja til grundvallar forgangsroðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sem og 1. gr. laga þessara. Úrvinnslusjóður skal tryggja að fullnægjandi gögn varðandi ráðstöfun úrgangs liggi fyrir áður en greiðslur eru inntar af hendi til samningsaðila Úrvinnslusjóðs.

Með lögum nr. 103/2021 er lögð sú skylda á Úrvinnslusjóð að tryggja rekjanleika um ráðstöfun úrgangs en jafnframt veitt svigrúm til að meta hvaða gögn teljist fullnægjandi um ráðstöfun úrgangs með hliðsjón af atvikum hverju sinni


Í ljósi þessa ákvað stjórn Úrvinnslusjóðs að afla álits á hvort kröfur til öflunar upplýsinga skv. 1. og 15. gr. laga nr. 162/2002, sbr. 28. gr. og c- og d-lið 38. gr. laga nr. 103/2021, hefðu verið innleiddar með fullnægjandi hætti, hvort nægilegra upplýsinga hefði verið aflað vegna útflutnings slíks úrgangs frá gildistöku framangreindra ákvæða laga nr. 103/2021 og eftir atvikum hvaða áhrif ófullnægjandi upplýsingaöflun kynni að hafa á heimildir sjóðsins til að inna endurgjald af hendi.

Úrvinnslusjóður leitaði til lögfræðistofu með framgreint álit sem vænta má síðar í þessum mánuði.

Úrvinnslusjóður mun deila álitinu með Umhverfis- og samgöngunefnd þegar stjórn sjóðsins hefur fjallað um það og metið hvaða gögn um ráðstöfun plastúrgangs þurfa að liggja fyrir.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef frekari upplýsinga er óskað.

Úrvinnslusjóður



Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri